

3. fundur foreldrafélags GSS

16.11.2010 Kl. 18

Mættir: Magnús Ingi Bæringsson, Anna María Rafnsdóttir, Kristín Víðisdóttir, Guðrún Svana, Sigrún Anna Jónsdóttir, Hildigunnur, Rafn Rafnsson, Hrefna Frímansdóttir, Berglind Eva, Bryndís, Anna Melsteð.

1. Svarbréf frá Tónlistarskóla vegna hugmyndar um spilamennsku nemenda samhliða jólaföndri lagt fram.
2. Jólaföndur: Hver bekkur sér um sig. Foreldrafulltrúar þurfa að vera í sambandi við umsjónarkennara um aðstöðu og framkvæmd. Bekkjarfulltrúar sendi hver á sinn bekk bréf til foreldra í gegnum Mentor, en kanni jafnframt hjá skólaritara hvort útbúa þurfi tilkynningu á pappír í einhverjum tilfellum. Fundarmenn voru sammála um að hvetja foreldra til að koma með kakó á brúsa í jólaföndrið í stað gosdrykkja. Lagt er til að bekkjarfulltrúar útvegi sér nafnalista til að rukka inn fyrir jólaföndrið. Bekkjarfulltrúar sem mættir voru ræddu saman um jólaföndur og verð hvers bekkjar. Ekki voru fulltrúar frá öllum bekkjum, en fyrir liggur að konfektgerð verður fyrir valinu í 7-10. Bekk og því þurfa bekkjarfulltrúar þeirra bekkja að leysa aðstöðumál í sameiningu. Texti í tölvupóst sem foreldrar geta stuðst við var útbúinn og verður sendur á foreldra með fundargerð. Bekkjarfulltrúar komi með jólatónlist í föndrið. Samþykkt að bekkjarfulltrúar mæti 17.30 í föndrið til að undirbúa stofurnar.
3. Anna Melsteð lagði til að foreldrafélagi héldi fræðslufyrirlestur í janúar/febrúar um þroskafrávik. 30% barna eiga við þroskafrávik að stríða og fræðsla fyrir börn og foreldra af hinu góða. Var þetta samþykkt. Anna tók að sér undirbúning málsins.
4. Bankabók foreldrafélagsins: Breyta þarf kennitölu og prókúru. Kristín og Anna Melsteð klára það.
5. Önnur mál. Næsti fundur í janúar 2011.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitð kl. 18:55

AM ritaði fundargerð.